

Reykjavík, 12. ágúst 2018

Efni: Rökstuðningur vegna ráðningar í starf framkvæmdastjóra stjórnarsýslu- og fjármálasviðs hjá Vestmannaeyjabæ.

Starf framkvæmdastjóra stjórnarsýslu- og fjármálasviðs Vestmannaeyjabæjar var auglýst þann 14. júlí í Morgunblaðinu og á vef Capacent, capacent.is. Umsóknarfrestur var til og með 30. júlí. Alls bárust fimm umsóknir um starfið. Eftir að umsóknarfresti um starfið lauk og áður en úrvinnsla umsókna hófst tók einn umsækjandi ákvörðun um að draga sína umsókn til baka vegna starfsins.

Ráðgjafi Capacent ráðninga sem hafði umsjón með málinu var Ragnheiður S. Dagsdóttir.

Auglýsing um starfið var með eftirfarandi hætti:

Vestmannaeyjabær óskar eftir að ráða stjórnanda í starf framkvæmdastjóra stjórnarsýslu- og fjármálasviðs.

Staðan heyrir beint undir bæjarstjóra. Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.

Starfssvið:

- Yfirumsjón með stjórnarsýslu og fjármálum bæjarfélagsins.
- Yfirumsjón með mannauðsmálum bæjarins og stefnumótun þess málaflokks.
- Undirbúningur fjárhagsáætlunargerðar í samstarfi við bæjarstjóra og fjármálastjóra.
- Yfirumsjón með skjalavörslu bæjarins sem og öðrum formlegum erindum sem berast.
- Leiðir samráð og samvinnu við íbúa í samræmi við áherslur kjörinna fulltrúa. Undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar í samráði við formann bæjarráðs og forseta bæjarstjórnar og ber ábyrgð á eftirfylgni mála.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi.
- Umfangsmikil reynsla af stjórnun og rekstri þ.m.t. fjármálum og starfsmannamálum.
- Þekking og reynsla af umbótum í opinberri stjórnarsýslu. Reynsla af málefnum sveitarfélaga er kostur.
- Góð íslensku- og enskukunnátta og hæfni til að tjá sig í ræðu og riti.
- Leiðtogaþæfni, frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi.
- Teymishugsun, samstarfsvilji ásamt lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum.
- Góðir skipulagshæfileikar, sveigjanleiki og víðsýni.

Í auglýsingu var farið fram á að umsókn um starfið fylgdi ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Ráðningarferlið

Valferli vegna starfs framkvæmdastjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs var þannig uppbyggt að leitast var við að nýta aðferðir sem hafa til samans gott forspárgildi um frammistöðu einstaklinga í starfi.

Fyrsta umferð ráðningarferlisins fól í sér mat á framlögðum umsóknargögnum allra umsækjenda í samræmi við þær menntunar- og hæfniskröfur sem fram komu í auglýsingu. Við matið var stuðst við fyrirfram skilgreind viðmið og vægi. Gerð var matrixa vegna þessa mats.

Í framhaldi var tekin ákvörðun um að þeir tveir umsækjendur sem töldust helst uppfylla framsett skilyrði skyldu boðaðir í ítarleg og sérsniðin símaviðtöl. Spurningar í símaviðtali voru samræmdar og staðlaðar og tóku mið af þeim forsendum sem komu fram í auglýsingu um starfið. Í viðtali var leitast við að meta alla hæfnisþættina sem fram komu í auglýsingunni m.a. þætti eins og leiðtogahæfni, frumkvæði og metnað, teymishugsun og hæfni í mannlegum samskiptum sem og skipulagshæfni almennt.

Að viðtölum loknum voru þessir tveir umsækjendur beðnir um að taka persónuleikamat Capacent, persónuleikamatið OPQ32, sem er alþjóðlegt viðurkennt próf sem Capacent notar við stjórnendaráðningar og leggur mat á hvaða persónulega hæfileika próftaki metur sig hafa með tilliti til vinnuáðstæðna.

Einnig var leitað umsagna með þessum tveimur umsækjendum.

Niðurstaða:

Með vísan til þess sem að framan er rakið var það faglegt mat undirritaðrar að Angantýr Einarson hafi verið hæfasti umsækjandinn um starfið. Sú niðurstaða byggir á heildstæðu mati á menntun og reynslu ásamt frammistöðu hans í viðtali auk þeirra upplýsinga sem fram komu í umsögnum.

Angantýr Einarsson hefur lokið BA prófi í stjórn málafræði frá Háskóla Íslands. Að auki hefur hann hefur hann sótt nám í rekstrar- og viðskiptafræði við Endurmenntun Háskóla Íslands og ýmis námskeið og ráðstefnur um stjórnsýslu, stjórnun, fjármál, starfsmannamál og upplýsingatækni.

Angantýr Einarsson hefur farsæla reynslu af stjórnun og rekstri. Árið 2001 gegndi hann starfi rekstrarstjóra fjármálaráðuneytisins í eitt ár í fjarveru skipaðs rekstrarstjóra og árið 2002 var hann staðgengill skrifstofustjóra rekstrar- og upplýsingaskrifstofu ráðuneytisins. Árin 2007 til 2014 starfaði hann sem skrifstofustjóri rekstrar- og upplýsingaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Þar stýrði hann 13 manna starfslíði. Angantýr hefur áralanga reynslu á sviði fjárhagsætlunargerðar sem og eftirfylgni. Hann sá um eftirlit með mörgum undirstofnunun ein og t.d. Bankasýslu ríkisins. Hann hefur mikla þekkingu í því að meta umfang starfa, reikna út starfsmannþörf stofnana sem og veltu.

Angantýr Einarsson hefur mjög góða þekkingu á stjórnsýslu og umbótum innan stjórnsýslu. Hann hefur unnið að mörgum umbótaverkefnum innan stjórnsýslu, t.d. varðandi skipulagsbreytingar innan stjórnaráðs, sameiningar undir Ríkisskattstjóra, umbreytingu vegna upplausnar Varnarmálastofnunar, sameiningar og sundsungar ráðuneyta. Hann hefur komið að verkefnum á sviði rafrænnar stjórnsýslu og rafrænna skilríkja. Angantýr hefur verið formaður ýmissa nefnda og starfshópa, hefur tekið að sér stjórnun og þátttöku í fjölda verkefna á sviði stjórnunar, stefnumótunar, umbóta í ríkisrekstri og stjórnsýslu, áætlanagerðar og umbóta í rekstri ráðuneyta, stofnana og fyrirtækja.

Angantýr Einarsson hefur kynnst málefnum sveitarfélaga í gegnum störf sín í fjármálaráðuneytinu og tengsl þess við einstök sveitarfélög og samtök þeirra. Hann þekkir ágætlega til inntaks og meginákvæða sveitastjórnarlaga, vel til flestra þeirra laga sem um opinbera stjórnsýslu gilda, svo sem stjórnsýslulaga, upplýsingalaga, laga um opinber innkaup, samkeppnislaga og reglna um ríkisstyrki og almennt til EES-samningsins.

Angantýr Einarsson hefur mjög góða kunnáttu í íslensku og ensku. Samkvæmt framsettum skilyrðum í auglýsingu skilaði hann inn vegna sinnar umsóknar ítarlegri starfsferilsskrá og kynningarbréfi á íslensku þar sem gerð var góð grein fyrir ástæðu umsóknar hans. Starfsumhverfi hans undanfarin 2 ár hefur eingöngu verið á ensku, öll skil á gögnum og upplýsingum hafa verið á ensku.

Angantýr Einarsson fær mjög góða umsögn. Sagður vera góður félagi og mjög verðmætur starfsmaður. Mjög áreiðanlegur og vinna vel undir erfiðum aðstæðum. Tekur að sér öll aukaverkefni og aukavinnu ef á þarf að halda. Sagður hafa mikla þekkingu á starfsemi ráðuneytis og undirstofnana. Hefur mikið komið að greiningarvinnu og samningaviðræðum, bæði á innlendum og erlendum vettvangi. Angantýr er sagður vera mjög diplómátskur og mikill teymismaður. Hann er mikill keppismaður og vill ná fram árangri. Hann hefur leiðir til að fá fólk með sér að sínum verkefnum, hefur sannfæringarkraft. Klárar það sem tekur að sér. Hann þekkir samt sín mörk varðandi vinnu og skipuleggur sig vel. Hefur góða reynslu sem beinn stjórnandi starfsmanna og sem verkefnastjóri.

Að öllu ofangreindu gefnu er það faglegt mat ráðgjafa að Angantýr Einarsson muni reynast vel í starfi framkvæmdastjóra stjórnslu- og fjármálasviðs Vestmannaeyjabæjar.

Fyrir hönd Capacent ráðninga
Ragnheiður S. Dagsdóttir